

Ábendingar um aðstöðu við sæðingar

Á síðari árum hefur orðið mikil fjölgun á lausagöngufjósum. Víða hefur gleymst að gera ráð fyrir aðstöðu til sæðinga kúnna þó sumstaðar sé hún til fyrirmyndar. Frjótæknar biðja því bændur á að huga að þessu. Ekki er hægt að ætlast til þess að kýr og kvígur séu sæddar á legubásum lausgöngufjósa, jafnvel án aðstoðar, því oft á tíðum er það óframkvæmanlegt og getur bitnað á fanghlutfalli kúnna. Þá viljum við benda á að þar sem kýr eru í burðarstíum verði þær bundnar og hafðar grindur sem styðja að þeim til hliðar. Frjótæknar geta svo losað gripinn eftir prédikun. Oft á tíðum eru kvígur og fullorðnar kýr sem sæða á styggar og eru bændur beðnir að vera til aðstoðar þegar frjótæknir er kvaddur til sæðinga slíkra gripa. Þetta er ekki tuð í okkur heldur má segja að við höfum metnað fyrir okkar hönd og ykkar að árangur af sæðingastarfseminni verði sem bestur. Á myndinni hér að neðan má sjá fyrirmyndaraðstöðu.

